



Borgarráð
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík 25. sept 2019
R19090137
USK2019090045


Möguleg endurheimt votlendis á höfuðborgarsvæðinu

Vísað er í fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgaráði 12. sept. 2019 varðandi votlendi í borgarlandinu sem mögulegt væri að endurheimta. Í kjölfar tillögu um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal í umhverfis- og skipulagsráði í des. 2014 var gerð úttekt á tækifærum til endurheimtar í ofanverðum Úlfarsárdal. Um 87 ha svæði var skoðað og fram kom að það eru ekki öll svæði árangursrík til að hefta kolefnislosun t.d. vegna þess að það er ekki nægjanlegt magn eftir af lífrænum mó á svæðinu. Við nánari skoðun var valin 12 ha spilda þar sem aðstæður til endurheimtar votlendis voru hvað bestar og var verkið unnið á þessu ári. Í framhaldinu er áætlað að afmarka fleiri mögulega áfanga á þessu 87 ha svæði í Úlfarsárdal.

Lausleg yfirferð á landi borgarinnar varðandi önnur votlendissvæði bendir til að það sé ástæða til að skoða svæði neðar í Úlfarsárdalnum. Einnig gætu möguleikar verið á jörðinni Víðines í Álfsnesi og á jörðinni Arnarholti á Kjalarnesi sem eru báðar í eigu borgarinnar. Hugsanlega gætu verið möguleikar í Viðey.

Hvað varðar framræst land almennt innan borgarmarka, sem fyrst og fremst er landbúnaðarland í einkaeigu, hefur það ekki verið kortlagt sérstaklega en sannarlega er tilvalið að leggja betur mat á umfang þess og greina eins og hægt er núverandi notkun og þætti eins og t.d. aldur framræsingar með möguleika til endurheimtar í huga. Vel má vera að tækifæri felist í samstarfi við áhugasama eigendur lands um endurheimt. Þegar skoðuð eru kort af borginni sést að langflest og umfangsmestu framræstu svæðin í einkaeigu eru á Kjalarnesi. Sambærileg svæði eru á Álfsnesi. Einnig eru minni svæði t.d. í eigu ríkisins á Keldum, við Korpu og á Reykjavíkurflogvelli.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,


Þorólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða